

A Rekstraraðili

Fylgiskjal með skattframtali 2026

Nafn rekstraraðila	Kennitala rekstraraðila	VSK-númer
Heimili	Póstnúmer og pósthólf	Pósthólfsnúmer og póstnúmer
Sveitarfélag	Starfsemi	Atvinnugrein (ISAT2008)

B Samanburður virðisaukaskattsskýrslna við bókhald og ársreikning

Samkvæmt	Velta í 25,5% þrepi	Velta í 24,5% þrepi	Velta í 24% þrepi	Velta í 14% þrepi	Velta í 11% þrepi	Velta í 7% þrepi	Undanþegin velta	Útskattur	Innskattur
bókhaldi og ársreikningi	B0	B1	B7	B2	B8	B3	B4	B5	B6
virðisaukaskattsskýrslum									
Mismunur									

C Sundurliðun veltu eftir skatthlutfalli

Tegund sölu	25,5%	24,5%	24%	14%	11%	7%	Undanþ. velta 12. gr.	Undanþ. starfsemi 2. gr.
1. Sala á vöru og þjónustu								
2. Innborganir fyrir afhendingu			+		+		+	+
3. Eigin úttekt, eigin not			+		+			
4. Tapaðar viðskiptakröfur (-)	-	-	-	-	-	-	-	-
5. Sala fastafjármuna			+				+	+
6. Önnur skattskyld sala			+				+	+
Samtals í reiti í kafla B	B0	B1	B7	B2	B8	B3	B4	

D Nánari lýsing á undanþeginni veltu og undanþeginni starfsemi

Lýsing á undanþeginni veltu skv. 12. gr.	Lýsing á undanþeginni starfsemi skv. 3. mgr. 2. gr.

Undirritaður staðfestir að skýrsla þessi er gefin eftir bestu vitund og að hún er í fullu samræmi við fyrirbyggjandi gögn.

Dagsetning

Undirskrift

Ef fram kemur mismunur í staflað B skal sundurliða þann mismun eftir uppgjörstímabilum með útfyllingu leiðréttingarskýrslu RSK 10.26.

E Sundurliðun innskatts

Sundurliðun innskatts á helstu efnispætti	24%	11%
1. Kaup á vöru og þjónustu til endursölu		
2. Kostnaður við húsnæði	+	+
3. Kaup á áhöldum og búnaði	+	+
4. Viðgerðir og þjónusta	+	+
5. Sölu- og stjórnunarkostnaður, lausafjárleiga	+	+
6. Ferðakostnaður	+	+
7. Annar bifreiðakostnaður (ekki RSK 4.03)	+	+
8. Kaup á fastafjármunum	+	
9. Leiðrétting innskatts af varanlegum rekstrarfjármunum	+/-	
10. Samtals innskattur	=	=
Samtals innskattur í 24% og 11% þrepum		B6

Leiðbeiningar um útfyllingu eyðublaðsins

Þeir sem stunduðu virðisaukaskattsskylda starfsemi á árinu 2025 skulu senda **samanburðarskýrslu virðisaukaskatts** með skattframtali 2026. **Skila skal einni samanburðarskýrslu fyrir hvert virðisaukaskattsnúmer.** Eigi rekstraraðili aðeins eitt virðisaukaskattsnúmer og noti hann eyðublaðið **RSK 1.04** (skattframtal rekstraraðila) eða **RSK 4.08** (landbúnaðarskýrsla) við framtalsskil, þarf ekki að skila samanburðarskýrslu.

Staflíður A

Þennan hluta eyðublaðsins skal fylla út í samræmi við áritun á virðisaukaskattsskýrslu. Í reitinn „Atvinnugrein” skal tilgreina aðalatvinnugrein starfseminnar skv. ISAT2008 staðlinum.

Staflíður B

Hér er óskað eftir samanburði á innsendum virðisaukaskattsskýrslum við bókhald og ársreikning. Ef fram kemur mismunur í staflíð B **skal** sundurliða þann mismun eftir uppgjörstímabilum með útfyllingu á leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts **RSK 10.26**.

Staflíður C

Hér skal sundurliða alla veltu eftir skatthlutfalli virðisaukaskatts og jafnframt tilgreina undanþegna veltu (skv. 12. gr. laga nr. 50/1988). Ef um undanþegna starfsemi er að ræða (skv. 2. gr. laga nr. 50/1988) skal hún færð í aftasta dálkinn. Í línu 1 skal tilgreina sölu á skattskyldri vöru og þjónustu eftir vsk.-þrepum, þ.e. sölu í hinni reglulegu starfsemi fyrirtækisins. Í línu 2 skal tilgreina fengnar innborganir fyrir afhendingu vegna sölu, eftir vsk.-þrepum.

Í línu 3 skal tilgreina úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki á vöru, vinnu og þjónustu, eftir vsk.-þrepum. Ef teknar eru út vörur, vinna og þjónusta til annarra nota, t.d. úr skattskyldum hluta rekstrar til nota í óskattskyldum hluta (svokölluðum blönduðum rekstri) og sú úttekt er ekki færð sem sala í skattskylda hlutanum, skal færa hana hér. Í línu 4 skal draga frá sannanlega tapaðar viðskiptakröfur vegna sölu, eftir vsk.-þrepum. Í línu 5 skal færa sölu á fastafjármunum, en hér er átt við þá fjármuni fyrirtækisins sem hafa verið færðir á eignaskrár, RSK 4.01. Í línu 6 skal færa aðra skattskylda sölu, s.s. sölu á rekstrarfjármunum sem ekki hafa verið færðir á eignaskrár.

Samtölu fjárhæða í línun 1-6 skal flytja í reiti B0 til B8 í staflíð B.
Fjárhæð tapaðra viðskiptakrafna í 25,5%, 24,5%, 14% og 7% þrepi fer sem minustala í reiti B0, B1, B2 og B3 í staflíð B.

Staflíður D

Hér skal gera nánari grein fyrir undanþeginni veltu fyrirtækisins, sem og undanþeginni starfsemi þess. Undanþegin velta er sú velta sem talin er upp í 1., 2. og 4. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, s.s. útflutningur á vöru og þjónustu.

Undanþegin starfsemi fyrirtækisins fellur undir 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Þar getur t.d. verið um að ræða heilbrigðisþjónustu, félagslega þjónustu, kennslu, íþróttastarfsemi, almenningssamgöngur, fasteignaleigu o.fl. **Staflíður E**
Hér skal sundurliða innskatt eftir skatthlutfalli og notkun. Í dæmaskyni er tilgreint hvernig gjaldareitir á rekstrarskýrslu RSK 4.11 falla undir þessa sundurliðun innskatts.

Í línu 1 skal færa innskatt í 24% og 11% þrepi vegna kaupa á vöru og þjónustu til hinnar reglulegu starfsemi fyrirtækisins og sem ætluð er til endursölu. Á rekstrarskýrslu RSK 4.11 er þetta innskattur af kostnaðarliðum í reitum 2093, 2153 og 2173. Í línu 2 skal færa innskatt í 24% og 11% þrepi vegna alls kostnaðar sem tengist húsnæði, t.d. vegna byggingarframkvæmda og húsaleigu. Hér með er einnig talið viðhald og endurbætur á fasteign, til nota í hinni skattskyldu starfsemi. Á rekstrarskýrslu RSK 4.11 er þetta innskattur af kostnaðarliðum í reitum 2193 og 2243. Í línu 3 skal færa innskatt í 24% og 11% þrepi vegna alls kostnaðar sem tengist áhöldum og búnaði. Á rekstrarskýrslu RSK 4.11 er þetta innskattur af kostnaðarliðum í reit 2423. Í línu 4 skal færa innskatt í 24% og 11% þrepi vegna alls kostnaðar sem tengist viðhaldi, viðgerðum og þjónustu. Á rekstrarskýrslu RSK 4.11 er þetta innskattur af

kostnaðarliðum í reitum 2353 og 2443. Í línu 5 skal færa innskatt í 24% og 11% þrepi vegna alls kostnaðar sem tengist sölu og stjórnun, sem og lausafjárleigu. Á rekstrarskýrslu RSK 4.11 er þetta innskattur af kostnaðarliðum í reitum 2263, 2383, 2403. Í línu 6 skal færa innskatt í 24% og 11% þrepi vegna alls ferðakostnaðar. Á rekstrarskýrslu RSK 4.11 er þetta innskattur af kostnaðarliðum í reit 2333. Í línu 7 skal færa innskatt í 24% og 11% þrepi vegna alls kostnaðar sem tengist bifreiðum. Á rekstrarskýrslu RSK 4.11 er þetta innskattur af kostnaðarliðum í reit 2283. Í línu 8 skal tilgreina innskatt vegna fastafjármuna sem keyptir hafa verið og eru færðir á eignaskrár, RSK 4.01. Í línu 9 skal færa leiðréttingar á innskatti af varanlegum rekstrarfjármunum. Hér er átt við leiðréttingar á innskatti skv. IV. kafla reglugerðar nr. 192/1993, um innskatt, með síðari breytingum. **Í línu 10 skal færa samtölu úr línun 1-9.**
Samtala innskatts skal síðan færð í reit B6 í staflíð B.